

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði mánudaginn 11. ágúst 2014 kl. 18:00.
Fundur nr. 740

Mætt eru: Bjarnveig, Einar, Sigrún, Þorgerður, Þorsteinn.
Forföll: boðuðu: Edda Kamilla, Guðrún, Sigurður Eiríksson.

1. Bjarnveig setti fund kl: 18:00
2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með áorðnum breytingum
3. Innsend bréf.
 - a. Bréf dagsett 2. júlí frá ÍSÍ:
 - i. Lagt fram, þar sem kynntir eru þeir nýju starfsmenn sem hafa tekið til stafa hjá ÍSÍ.
 - b. Bréf dagsett 5. ágúst frá FRÍ: Boðun frjálsíþróttapings.
 - i. Lagt fram til kynningar.
 - ii. Frjálsíþróttanefnd falið að finna fulltrúa.
4. ULM umsókn.

- a. Farið var yfir bókun stjórnarfundar Umf. Svarfdæla vegna unglíngalandsmóts 2017.

„Félagið hefur ekki bolmagn til þess að bjóða fullnægjandi aðstæður til þess að halda unglíngalandsmótið 2017 og hefur stjórn félagsins því ákveðið að óska eftir því að umsóknin verði dregin til baka. Telur stjórnin að það fjármagn sem standi til boða dugi ekki fyrir þeim framkvæmdum sem þarf að ráðast í. Engu að síður er mjög aðkallandi að fara í framkvæmdir á vallarsvæðinu og þarf að skipuleggja það. Mikilvægt er að fulltrúar komi frá öllum deildum félagsins, sem svæðið nota, í undirbúningnefnd.“

Stjórn UMSE harmar niðurstöðuna en virðir engu að síður ákvörðun Umf. Svarfdæla.

- b. Farið yfir bréf til UMFÍ þar sem umsókn um UML 2017 er dregin til baka vegna breyttra forsenda.

Ágæti viðtakandi,

“Ungmennasamband Eyjafjarðar dregur hér með umsókn sína um að halda 20. unglíngalandsmót UMFÍ 2017 til baka.

Nú nýlega kom upp að Ungmennafélag Svarfdæla, sem er eigandi vallarins sem nýta átti undir mótið, telur sig ekki geta lokið við áætlaðar framkvæmdir á vellinum á tilsettum tíma og hefur því tekið skipulag hans til endurskoðunar. Í ljósi þess eru vallarframkvæmdir í uppnámi og forsendur fyrir umsókn okkar um að halda mótið brostnar. Því er umsóknin dregin til baka.

Við þökkum góðar móttökur í umsóknarferlinu og biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.“

- c. Ákveðið að senda bréf til Dalvíkurbyggðar þar sem fram kemur að umsókn um unglíngalandsmót 2017 er dregin til baka.

5. Samningur við Bústólpa.
 - a. Ekki hefur náðst að ganga frá styrktarsamningi UMSE við Bústólpa vegna sumarleyfa. Drög að samningnum hafa þegar verið samþykkt, stefnt er á að ganga formlega frá samningnum sem fyrst.
6. Farið yfir árskipulag stjórnar og samþykkt með fyrirvara um breytingar eftir því sem líður á starfsárið.
7. Stefnumótandi fundur í haust samkvæmt þingssamþykkt. Ákveðið að fá faglegan ráðgjafa vegna undirbúningsvinnu að framtíðarstefnumótun UMSE.
8. Önnur mál. Þorgerður ræddi um þörfina á að iðkendur aðildarfélga fengu nýja galla til að klæðast á æfingum og íþróttamótum og vera þannig sýnilegri. Fundarmenn voru sammála um að frjálsíðþróttanefnd ynni að því að útvega nýja galla.
9. Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 2. sept kl: 20:00 Guðrún kemur með veitingar
10. Fundi slitið kl:18:57

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
